


20. maí 2020



Umfang mótvægisráðstafana stjórnvalda vegna COVID-19



Áhrif COVID-19 heimsfaraldursins

Áhrif Covid-19 heimsfaraldursins á íslenskan efnahag eru komin fram að vissu marki en ógerningur er að áætla af nokkurri vissu hver þau kunni að verða þegar upp er staðið.


Greiningaraðilar hafa veigrað sér við að setja fram eiginlegt mat á horfum vegna þess hve forsendur allar eru óvissar, en í þeim sviðsmyndum sem unnar hafa verið á síðustu vikum hafa forsendur almennt breyst í þá veru að áhrif faraldursins verði djúpstæðari og langvinnari en áður var ráð fyrir gert.

Að sama skapi hafa afkomuhorfur hins opinbera farið versnandi en fyrirséð er að greiðsluafkoma ríkissjóðs verður verulega neikvæð á yfirstandandi ári sem felur í sér gríðarmikla skuldasöfnun og stórauðna lánsfjárförf á þessu ári og þeim næstu.



Viðbrögð stjórnvalda

Meginviðbrögð stjórnvalda á næstu misserum er að viðhalda og örva efnahagsumsvif með verulegum afkomuhalla hjá hinu opinbera





Viðbrögð stjórnvalda

Fyrstu vikurnar: krísustjórnun og neyðarráðstafanir

- Tryggja öryggi og hefta útbreiðslu veirunnar
- Varna því að heilbrigðiskerfið sligist undan álagi af fjölda sjúklinga
- Tryggja almannavörnum og heilbrigðiskerfi nauðsynleg aðföng
- Tryggja framfærslu heimila
- Tryggja viðskipti með vörur milli landa þ.m.t. lyf og aðrar nauðsynjavörur
- Tryggja aðgengi banka og fyrirtækja að lausafé
- Veita fyrirtækjum sem lenda í tímabundnum rekstrarerfiðleikum svigrúm
- Undirbúa ráðstafanir til að örva eftirspurn og einkaneyslu í hagkerfinu
- Frestun á endurskoðun fjármálastefnu og framlagningu fjármálaáætlunar
- Öflun viðeigandi lagaheimilda

Næstu misseri: halli á opinberum fjármálum til að auka efnahagsumsvif

- Gert er ráð fyrir að endurskoðun á fjármálastefnunni og framlagning næstu fjármálaáætlunar feli í sér svigrúm til hallareksturs
- Þar með verði samdráttur í hagkerfinu minni en ella
- Til skemmri tíma litið felst mótvægi opinberra fjármála við ágjöf í hagkerfinu einkum í því að ekki verði dregið úr núverandi þjónustu, framkvæmdum og tilfærslum í gegnum bótakerfin þrátt fyrir væntanlega tekjurýrnun
- Gengur þó einungis tímabundið þar til skuldastaðan fer að verða íþyngjandi
- Í ljósi aðstæðna verður óhjákvæmilegt að undirbúa breytta samsetningu og forgangsróðun útgjalda hins opinbera

Næstu mánuðir: unnið úr óvissu

- Stöðug eftirfylgni með greiðsluafkomu og lánsfjárþörf samhliða mati á áhrifum allra stjórnvaldsáðgerða á opinber fjármál
- Ráðstafanir til að tryggja framfærslu einstaklinga, örva einkaneyslu og eftirspurn í hagkerfinu
- Tryggja framlög til viðeigandi stofnana
- Undirbúningur á markaðsátaki erlendis sem og innanlands til að efla ferðaþjónustu
- Undirbúningur að vinnuafslökum og arðbærum flýtiframkvæmdum
- Endurskoðun efnahagshorfa og sviðsmyndagreining
- Undirbúningur fjármálastefnu, fjármálaáætlunar og fjárlaga

Til meðallangs og lengri tíma: aðhaldsstig op. fjármála aukið og skuldasöfnun stöðvuð

- Þann fyrirséðaða halla sem mun myndast á næstunni mun þurfa að veiga upp og snúa til betri vegar
- Standa verður við afkomureglu laga um opinber fjármál til að varna því að skuldir fari upp fyrir áhættumörk
- Þegar atvinnulífið tekur aftur við sér er gert ráð fyrir því að samhliða dragi hið opinbera úr þensluhvetjandi áðgerðum og auki aðhaldsstig sitt
- Fyrirséð er að stjórnvöld þurfi að ráðast í krefjandi afkomubætandi ráðstafanir þegar fram líða stundir
- Til langs tíma þarf að stilla tekjuöflunarkerfum ríkissjóðs og hins opinbera af með þeim hætti að þau tryggi samkeppnishæfni Íslands



Mótvægisaðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19



Mótvægisaðgerðir stjórnvalda

Fram til þessa hafa stjórnvöld sett fram mótvægisaðgerðir í fjórum áföngum á um sjö vikna tímabili frá miðjum mars til loka apríl.

Fyrsti áfanginn fólst í lagasetningu þann 13. mars sl. með gjalddagafrestunum á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds.

Nýjustu ráðstafanirnar voru kynntar í lok apríl og fela í sér framlengingu hlutastarfaleiðarinnar, greiðslu hluta launakostnaðar í uppsagnarfresti og greiðsluskjól fyrir fyrirtæki sbr. lagafrumvörp sem nú hafa verið lögð fram á Alþingi.



Til að bregðast við efnahagslegum áhrifum af heimsfaraldrinum hafa íslensk stjórnvöld nú þegar gripið til fjölmargra aðgerða

Aðgerðir sbr. lög samþ. 13. mars

- Gjald dagafrestun á helmingi staðgreiðslu tekjuskattseinstaklinga
- Gjald dagafrestun á helmingi af staðgreiðslu útsvars
- Gjald dagafrestun á helmingi af staðgreiðslu tryggingagjalds

Aðgerðarpakki 1 (kynntur 21. mars)

- Hlutastarfaleiðin
- Brúarlán til atvinnulífs
- Frestun skattgreiðslna
- Laun í sóttkví
- Barnabótaauki
- Úttekt séreignarsparnaðar
- Styrking ferðapjónustu
- Útvíkkun á “Allir vinna”
- Greiðari innflutningur
- Fjárfestingaráttak

Aðgerðarpakki 2 (kynntur 21. apríl)


- Lokunarstyrkir
- Stuðningslán
- Jöfnun tekjuskatts
- Endurgreiðsla VSK til sveitarfélaga
- Geðheilbrigði og fjarþjónusta
- Verndun viðkvæmra hópa
- Sértekur stuðningur
- Sókn í nýsköpun
- Sumarúrræði fyrir námsmenn
- Virkni í atvinnuleit
- Innlend verðmætasköpun

Aðgerðarpakki 3 (kynntur 28. apríl)

- Framlenging á hlutastarfaleiðinni
- Greiðsla launa í uppsagnarfresti
- Greiðsluskjól fyrir fyrirtæki

Áhrif ráðstafana á afkomu ríkissjóðs*

Á rekstrargrunni nemur umfang ráðstafana um 4,3% af VLF árið 2020. Þessi áhrif eru meiri á sjóðstreymi ársins 2020 eða 7,3% af VLF, einkum vegna frestun skatta til 2021.



*Rekstrargrunnur (álagðar tekjur og gjaldfærðar skuldbindingar skv. GFS-staðli). Rétt er að benda á að hér hefur ekki verið lagt mat á gjaldfærslu vegna mögulegrar afskriftar af ábyrgðum viðbótarlána eða stuðningslána á tímabilinu 2020-2021 en umfang þessara ábyrgða gæti numið allt að 90 ma.kr. Gera verður ráð fyrir að það muni þurfi að afskrifa þær í einhverjum mæli á næstu árum og miðað við t.d. helmingsafskriftir gæti umfangið numið 45 ma.kr. Þá hafa möguleg afföll vegna frestunar skatta ekki verið reiknuð hér.



Mótvægisaðgerðir á tekjuhlið




Áhrif tekjuráðstafana nema 95 ma.kr. á sjóðstreymi ríkissjóðs árið 2020 en 19 ma.kr. á rekstrargrunni

Frestun skatta frá 2020 til 2021 hefur áhrif á sjóðstreymi ríkissjóðs en ekki á álagðar tekjur á rekstrargrunni

| Aðgerð | Rek.gr. 2020 | Rek.gr. 2021 | Sjóðstr. 2020 | Sjóðstr. 2021 |
|---|--------------------|-----------------|--------------------|------------------|
| Tekjuráðstafanir, ma.kr. | -18,9 | -9,4 | -95,0 | 66,8 |
| Staðgreiðsla útsvars: frestun þriggja gjalddaga til 2021 | | | -35,7 | 35,7 |
| Staðgreiðsla tekjuskatts einstaklinga: frestun þriggja gjalddaga til 2021 | | | -26,8 | 26,8 |
| Staðgreiðsla tryggingagjalds: frestun þriggja gjalddaga til 2021 | | | -13,8 | 13,8 |
| Afturfæranlegt tap | -13,0 | | -13,0 | |
| Aukin endurgreiðsla VSK v/íbúðar- og frístundahúsnæðis | -5,9 | -3,1 | -5,7 | -3,3 |
| Lækkun bankaskatts flýtt | | -5,1 | | -5,1 |
| Niðurfelling gistináttaskatts | -0,6 | -1,0 | -0,6 | -1,0 |
| Endurgreiðsla VSK til sveitarfélaga | -0,5 | -0,5 | -0,5 | -0,5 |
| Niðurfelling tollagreiðslugjalds | -0,2 | -0,4 | -0,2 | -0,4 |
| Heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar | 1,3 | 0,7 | 1,3 | 0,7 |
| Flýting endurgreiðslu innskatts í júní/ág./okt./des. um 21 dag | Áhrif innan ársins | | Áhrif innan ársins | |
| Staðgreiðsla útsvars: frestun 50% mars-gjalddaga | Áhrif innan ársins | | Áhrif innan ársins | |
| Staðgreiðsla tryggingagjalds: frestun 50% mars-gjalddaga | Áhrif innan ársins | | Áhrif innan ársins | |
| Staðgreiðsla tekjuskatts einstaklinga: frestun 50% mars-gjalddaga | Áhrif innan ársins | | Áhrif innan ársins | |
| Niðurfelling fyrirframgreiðsluskyldu apríl-júní | Áhrif innan ársins | | Áhrif innan ársins | |
| VSK almenn skil: niðurfelling álags | Áhrif innan ársins | | Áhrif innan ársins | |
| VSK í tolli: frestun 100% um 20 daga | Áhrif innan ársins | | Áhrif innan ársins | |



Tekjuáætlun: Áhrif mótvægisaðgerða á sjóðstreymi ríkissjóðs árið 2020





Mótvægisaðgerðir á útgjaldahlið ríkissjóðs og aðrar ráðstafanir



Umfang útgjaldaráðstafana og eiginfjárframlaga í sjóðstreymi nemur ríflega 100 ma.kr. á árinu 2020


Á næstu árum kann einnig að falla til kostnaður á ríkissjóð vegna ábyrgða á viðbótarlán og stuðningslán til fyrirtækja. Mikil óvissa er um kostnaðinn og hvenær hann gæti fallið til en umfangið gæti numið tugum milljarða*

| Aðgerð | Rek.gr. 2020 | Sjóðstr. 2020 | Rek.gr. eftir 2020 | Sjóðstr. eftir 2020 |
|---|-----------------|------------------|-----------------------|------------------------|
| Útgjaldaráðstafanir og aðrar hreyfingar, ma.kr. | -101,2 | -110,3 | 0,0 | 0,0 |
| Hlutaatvinnuleysisbætur | -34,0 | -34,0 | | |
| Laun á uppsagnarfresti | -27,1 | -27,1 | | |
| Fjárfestingaráttak | -17,9 | -17,9 | | |
| Náms- og starfsúrræði | -5,0 | -5,0 | | |
| Barnabótaauki 2020 | -3,1 | -3,1 | | |
| Markaðsátak: erlendis og innanlands | -3,0 | -3,0 | | |
| Lokunarstyrkir | -2,5 | -2,5 | | |
| Ýmis félagsleg úrræði | -2,3 | -2,3 | | |
| Greiðslur launa í sóttkví | -2,0 | -2,0 | | |
| Stuðningur við nýsköpun og þróun | -1,4 | -1,4 | | |
| Aukið framlag til heilbrigðismála vegna álags | -1,0 | -1,0 | | |
| Einkiptis Covid-19 álag til framlínufólks í heilbrigðisþjónustu | -1,0 | -1,0 | | |
| Heilsuefling í heimabyggð - aukin þjónusta heilsugæslunnar | -0,5 | -0,5 | | |
| Eingreiðsla til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega | -0,4 | -0,4 | | |
| Flýting framkvæmda - opinber félög | | -8,0 | | |
| Nýsköpun og þróun - Kría og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins | | -1,2 | | |
| Greiðsluskjól fyrir fyrirtæki | | | | |
| Ábyrgðir vegna lána, ma.kr.* | 0,0 | 0,0 | -45,0 | -45,0 |
| Ábyrgðir vegna viðbótarlána | | | -25,0 | -25,0 |
| Ábyrgðir vegna stuðningslána | | | -20,0 | -20,0 |

*Umfang ábyrgða er allt að 50 ma.kr. vegna viðbótarlána og 40 ma.kr. vegna stuðningslána. Gera verður ráð fyrir að það muni þurfa að afskrifa lánin í einhverjum mæli á næstu árum. Miðað við helmingsafskriftir gæti umfangið numið 45 ma.kr.



Útgjaldaáætlun og aðrar hreyfingar: Áhrif mótvægisaðgerða á sjóðstreymi ríkissjóðs árið 2020





Mótvægisaðgerðir sem varða sveitarfélög



COVID-19 faraldurinn hefur mismunandi áhrif á fjárhag ríkissjóðs og sveitarfélaga

Ljóst má vera að áhrif faraldursins verða til muna verri fyrir fjárhag ríkissjóðs en sveitarfélaganna. Ríkið mun bera hitann og þungann af mótvægisáðgerðum, hvort sem er í gegnum sjálfvirka sveiflujafnara ríkisfjármálanna á borð við skatttekjur og atvinnuleysisbætur eða sérstakar ráðstafanir.

Efnahagsáðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19 sem ríkissjóður fjármagnar og hafa það markmið að styðja heimili og fyrirtæki hafa í för með sér beinan eða óbeinan ávinning fyrir samfélagið í heild og fjárhag sveitarfélaga. Sterkari staða heimila og fyrirtækja leiðir til þess að helstu tekjustofnar sveitarfélaga eins og útsvar og fasteignarskattar auk lögbundinna framlaga ríkisins í Jöfnunarsjóð, halda sér betur en ella og öll skattskil verða betri.

Auk þess mun óbeinna áhrifa einnig gæta á útgjaldahlið og í skattastyrkjum sveitarfélaga, svo sem í minni þörf fyrir fjárhagsaðstoð og afslætti af þjónustugjöldum.



Sumar aðgerðanna beinast að fjármálum sveitarfélaga sjálfra með beinum hætti og má þar nefna sem dæmi:

600 m.kr. til sveitarfélaga til að veita tímabundinn stuðning til lágtekjuheimila sem tryggja jöfn tækifæri barna til íþrótt- og tómstundastarfs í sumar.

540 m.kr. til að stórefla heilsugæsluþjónustu um land allt. Gert er ráð fyrir verkefnið sem kallast „*Heilsuefling í heimabyggð*“ standi yfir í tólf mánuði og taki til fjölda undirverkefna sem hverju og einu er ætlað að stuðla að betri geðrækt og andlegu heilbrigði íbúa landsins.

Endurgreiðsla á virðisaukaskatti til sveitarfélaga eða stofnana og félaga alfarið í þeirra eigu. Áætlað að sú endurgreiðsla geti numið 500 m.kr. Markmið aðgerðarinnar er að liðka til fyrir sveitarfélögunum vegna flýtiframkvæmda þannig að sveitarfélög eða stofnanir og félög sem alfarið eru í eigu þeirra öðlist tímabundinn rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingarstað vegna byggingar, viðhalds eða endurbóta á öðru húsnæði en íbúðar- og frístundahúsnæði.

450 m.kr. til að efla félagsleg úrræði og tryggja stuðning við viðkvæma hópa. Markmiðið er að vinna gegn félagslegri einangrun aldraðra, efla félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara og öryrkja, auka félagslegan stuðning fyrir fjölskyldur á landsvísu með sérstaka áherslu á stuðning við fjölskyldur fatlaðra barna, styrkja starf landshlutateyma fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra og að styrkja stöðu barna af erlendum uppruna.



Sumar aðgerðanna beinast að fjármálum sveitarfélaga sjálfra með beinum hætti og má þar nefna sem dæmi: - *frh.*

250 m.kr. í sértækan stuðning við Suðurnes til að fylgja eftir aðgerðaáætlun ráðherraskipaðrar nefndar um málefni svæðisins. Fyrirhuguð úrræði eru m.a. aukin þjónusta við erlenda íbúa, stofnun þverfaglegs -teymis á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála og efling Reykjanes Geopark.

215 m.kr. til að vinna gegn heimilisofbeldi og ofbeldi gagnvart börnum.

157 m.kr. til að fullfjármagna samning við sveitarfélögin vegna NPA.

100 m.kr. sem ætlað er að styrkja úrræði vegna heimilislausra með fjölþættan vanda. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið fari í samstarf við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ um eflingu á þjónustu við þennan hóp.

100 m.kr. til stafrænnar þróunar á vegum sveitarfélaga til að bæta þjónustu og auka samskipti. Breytingar hafa verið gerðar á sveitarstjórnarlögum sem tryggja að hægt sé að halda sveitarstjórnarfundi eingöngu í gegnum fjarfundarbúnað.

30 m.kr. til brothættra byggða vegna félagslegrar þjónustu og annarra viðfangsefna sem upp koma í tenglum við COVID-19 faraldurinn, s.s. varðandi barnavernd og félagsþjónustu.

25 m.kr. til þróunar sviðsmyndalíkans til að greina fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga. Því verður ætlað að finna veikleika í búskap einstakra sveitarfélaga til að geta sett upp sviðsmyndir til að bregðast betur við þegar sambærilegar aðstæður koma upp.



Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nýttur til mótvægisráðstafana

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fær heimild til að veita styrki til sveitarfélaga til fjármögnunar á framkvæmdum til að bæta aðgengi fatlaðs fólks í fasteignum og mannvirkjum.

Einnig verður heimilt að nýta fjármagn fasteignasjóðsins til að milda tekjufall Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Tekjur hans munu dragast verulega saman á þessu ári vegna minnkandi tekna ríkissjóðs og sveitarafélaga og er áformað að verja 1,5 ma.kr. af bundnu fjármagni sjóðsins til greiðslu framlaga í ár og þannig dregið úr áhrifum af tekjufallinu.



Auk framangreindra verkefna má nefna ýmis verkefni sem tengjast sveitarfélögum sbr. þingsályktun 28/150 um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak:

750 m.kr. verður varið í hafnarframkvæmdir.

600 m.kr. sem skiptast þannig að 200 m.kr. fara í verkefni tengd sjúkrahúsi Akureyrar, 300 m.kr. til heilbrigðisstofnana á Norðurlandi eystra og á Suðurnesjum og 100 m.kr. í endurbyggingu gamla ríkisins á Seyðisfirði.

350 m.kr. styrkir til sveitarfélaga vegna ofanflóðavarna

350 m.kr. skal verja í flughlað á Akureyri og í gerð akbrautar á Egilsstaðarflugvelli.

296 m.kr. til endurbóta á flugvöllum og í viðhaldsverkefni tengdum þeim t.d. er 126 m.kr. framlag til Þórshafnarflugvallar og 80 m.kr. framlag til Ísafjarðarflugvallar.

200 m.kr. í flugstöð á Akureyri.

200 m.kr. verður varið í styrki til sveitarfélaga vegna uppbyggingar fráveitumála.

200 m.kr. í sóknaráætlanir landshluta

100 m.kr. í verkefnið brothættar byggðir.

75 m.kr. er áætlað að verja í varnir gegn landbroti.